

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis

Reykjavík 05.01.2024


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðsluáðlögun einstaklinga, nr. 101/2010 (málsmeðferð og skilyrði), 27. mál.

Menntasjóður námsmanna (MSNM) hefur áður sent tvær umsagnir um ofangreint frumvarp. Fyrst í samráðsgátt þann 13. okt. sl. þar sem MSNM lýsti andstöðu sinni við fyrirhugaðar breytingar er snúa að kröfum á ábyrgðarmenn námslána. Þann 14. des. sl. sendi MSNM svo uppfærða umsögn til ritara velferðarnefndar Alþingis þar sem sjóðurinn lýsti andstöðu sinni við breytingu þeirri er snýr að meðferð áður tilkominna vanskila hjá sjóðnum. MSNM ítrekar andstöðu sína við þær breytingar er snúa að sjóðnum, nánar tiltekið e-lið 3. gr. frumvarpsins.

Meðfylgjandi eru áður sendar umsagnir MSNM um frumvarpið.

Fylgiskjal 1: Umsögn MSNM send í samráðsgátt 13.10.2023

Fylgiskjal 2: Umsögn MSNM send velferðarnefnd 14.12.2023



Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið  
Síðumúla 24  
108 Reykjavík

Reykjavík, 12. október 2023

**Efni:** Umsögn vegna frumvarps um breytingar á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga. Mál nr. 175/2023.

#### Almennt

Í frumvarpi til breytinga á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga nr. 101/2010, sem áætlað er að leggja fyrir á 154. löggjafarþingi 2023-2024, hefur nafni sjóðsins ekki verið breytt úr Lánasjóði íslenskra námsmanna í Menntasjóð námsmanna. Í samanburðarskjali því sem fylgir inni á samráðsgátt hefur nafn sjóðsins verið uppfært í g-lið (nú e-lið) 1. mgr. 3. gr. en ekki h-lið (nú f-lið).

#### Helstu breytingatillögur

Í frumvarpi til breytinga á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga eru lagðar til tvær breytingar á 2. málslíð g-liðar 1. mgr. 3. gr. laganna sem fjallar um kröfur Lánasjóðs íslenskra námsmanna, nú Menntasjóðs námsmanna (MSNM). Annars vegar er lagt til að lögfesta verklag sjóðsins á þeim hluta afborgana námslána sem falla niður á greiðsluaðlögunartíma og uppsöfnuðum vanskilum. Hins vegar er lagt til að kröfur vegna ábyrgðarskuldbindinga á námslánum teljist ekki vera kröfur vegna námslána.

*1. Þeim greiðslum sem falla niður á greiðsluaðlögunartíma ásamt vanskilapætti kröfunnar sem var tilkominn við gildistöku sammings, skal bæta við höfuðstól kröfunnar.*

Frá því lög um greiðsluaðlögun einstaklinga tóku gildi árið 2010 hefur sjóðurinn fylgt þeirri vinnureglu að bæta kröfum sem voru í vanskilum sem og öllum kröfum sem féllu til frá því frestun greiðsla hófst og þar til greiðsluaðlögunartímabili lauk við höfuðstól lánsins við lok greiðsluaðlögunartímabils. MSNM gerir ekki formlegar athugasemdir við þessa tillögu enda er hér verið að lögfesta núverandi verklag sjóðsins.

*2. Kröfur vegna ábyrgðarskuldbindinga á námslánum sem og almenn skuldarbréf sem stofnuð eru vegna vanskila, ofgreiðslu námslána eða markaðskjaralána teljast ekki kröfur vegna námslána.*

Í athugasemdum með 3. gr. frumvarpsins kemur fram að það sé mat embættis umboðsmanns skuldara að brýn þörf sé á því að greiðsluaðlögun taki til ábyrgðarskuldbindinga á námslánum. Því sé lagt til að þessar kröfur falli undir greiðsluaðlögun séu þær virkar á hendur ábyrgðarmanni. Tilgangurinn með því að bæta virkum kröfum vegna ábyrgðarskuldbindinga við þær kröfur sem greiðsluaðlögun tekur til er að mæta þeirri þörf, að mati umboðsmanns skuldara, að engar aðrar lögbundnar lausnir séu til staðar fyrir ábyrgðarmann sem lenda í greiðsluerfiðleikum vegna þessara skuldbindinga.

Hugsanlega skortir úrræði fyrir ákveðinn hóp ábyrgðarmanna sem fyrirsjáanlega munu aldrei geta staðið undir ábyrgð sem á þá hefur fallið. Sjóðnum hugnast þó illa tillagt ákvæði um að greiðsluáðlögun taki til krafna vegna ábyrgðarskuldbindinga á námslánnum. Hætt er við því að verði frumvarpið að lögum óbreytt muni það leiða til aukinna vanskila hjá sjóðnum sem mun leiða til hærra vaxtaálags og þannig hafa neikvæð áhrif á skilvísu greiðendur námslána. Jafnframt gæti það haft þau áhrif að sjóðurinn geri ríkari kröfur til ábyrgðarmanna sem gerir þeim greiðendum sem löggjafinn hefur skilgreint sem ótrygga erfiðara fyrir að leggja fram tryggingu sem sjóðurinn telur viðunandi. Mat sjóðsins er að það yrði því hugsanlega erfiðara fyrir þá námsmenn að fá námslán til að geta stundað nám og þar með haft áhrif á jöfnuð milli námsmanna. Eðlilegra væri að tekið væri á þessum hópi við endurskoðun laga nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna sem fyrirhuguð er á yfirstandandi þingi.

Nái frumvarp þetta fram að ganga óbreytt leggur MSNM áherslu á það að það er grundvallaratriði að krafa á hendur ábyrgðarmanni sé virk til þess að hún geti talist vera krafa sem greiðsluáðlögun tekur til og því mikilvægt að það komi skýrt fram í lagatextanum sjálfum en ekki eingöngu í lögskýringargögnum. Með hliðsjón af framangreindu og til þess að taka af allan vafa leggur Menntasjóður námsmanna til eftirfarandi breytingu á 3. málslíð g-liðar 1. mgr. 3. gr.:

*„Virkar kröfur vegna ábyrgðarskuldbindinga á námslánnum sem og almenn skuldabréf sem stofnuð eru vegna vanskila, ofgreiðslu námslána eða markaðskjaralána teljast ekki kröfur vegna námslána.“*

Það er jafnframt mat sjóðsins að standi ákvæðið óbreytt gæti það valdið óþarfa misskilningi í framkvæmd. Þá eru miklir hagsmunir í húfi fyrir sjóðinn enda eru tryggingar í formi ábyrgða forsenda þess að sjóðurinn geti viðhaldið jöfnuði í lánaveitingum til námsmanna óháð stöðu þeirra.

Til að hnykkja á mikilvægi þess að einungis virkar ábyrgðarkröfur eigi heima undir greiðsluáðlögun þykir rétt að fara stuttlega yfir sögu og mikilvægi ábyrgðamannakerfisins hjá sjóðnum.

Samkvæmt lögum nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN) var öllum lánþegum sjóðsins gert að útvega ábyrgðarmann eða eftir atvikum ábyrgðarmenn til tryggingar á endurgreiðslum lána sinna. Með lögum nr. 78/2009 var gerð sú breyting á lögum nr. 21/1992 um LÍN að samkvæmt meginreglu þurfi námsmaður sem uppfyllir skilyrði sjóðsins um lánshæfismat ekki að útvega tryggingu um endurgreiðslu í formi sjálfsskuldarábyrgðar. Undantekning var gerð í þágu námsmanna sem ekki uppfylla lánshæfisskilyrði og lagt til þeim til hagsbóta að viðhaldið yrði þeim möguleika að láta ábyrgðarmann ábyrgjast endurgreiðslur námsláns, leggja fram bankatryggingu eða veðtryggingu í fasteign. Ábyrgðarloforðin voru í þessu samhengi hugsuð sem úrræði til að ná fram jöfnuði milli námsmanna.

Ákveðið var að ábyrgðarloforð sem veitt voru fyrir gildistöku laga nr. 78/2009 skyldu standa óhöggðu með þeim rökum að niðurfelling þeirra kynni að draga úr innheimtuhlutfalli þannig að of nærri væri gengið fjármögnun sjóðsins. Tiltekið var að innheimta eldri lána fjármagnaði um helming nýrra útlána með innheimtu eldri námslánaskulda. Þess í stað og í því skyni að bæta stöðu ábyrgðamanna eldri námslána var ákveðið að ábyrgðarmenn þeirra námslánaskuldbindinga skyldu njóta réttarverndar skv. þá nýsettum lögum um ábyrgðarmenn nr. 32/2009 með afturvirkum hætti.

Með lögum um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020 var innleitt nýtt námsstyrkjakerfi með það að markmiði að tryggja hagsmuni námsmanna á Íslandi m.a. með því að fella niður ábyrgðir á námslánnum frá tíð eldri laga, þó aðeins ef námslánin væru í skilum við gildistöku laganna. Menntasjóðurinn fylgdi þessum lagafyrirmælum eftir og eftir að lögín komu til framkvæmda 1. júlí 2020 voru einungis virkar ábyrgðir vegna námslána sem voru í vanskilum eftir þann dag. Í lögnum er óbreytt sú meginregla að námsmenn sem teljast tryggir lántakar leggi ekki fram greiðsluáðlögun. Jafnframt var viðhaldið því úrræði í þágu þeirra sem ekki uppfylltu lánshæfisskilyrði, „ekki tryggir lánþegar“, geti lagt fram tryggingu sem Menntasjóður metur viðunandi. Samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins er lánþegi ekki

tryggur ef hann er á vanskilaskrá, bú hans er í gjaldþrotameðferð eða ef sjóðurinn hefur þurft að afskrifa lán gagnvart honum.

Allar ábyrgðir sem enn eru í gildi hjá sjóðnum eiga það sammerkt að tengjast lánnum þar sem metin er aukin áhætta á vanskilum lántaka en það eru annars vegar ábyrgðir sem ekki voru felldar niður vegna þess að lántaki var í vanskilum 1. júlí 2020 er menntasjóðslögin komu til framkvæmda en hins vegar ábyrgðir sem veittar hafa verið frá því lögin komu til framkvæmda til að gera umsækjendum sem ekki voru tryggir lántakar kleift að fá námslán og þar með talið möguleika á námsstyrk síðar meir. Verði vanskil á námslánum sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgðum er nánast í öllum tilvikum brugðist þannig við að láninu er komið í skil með því að vanskilagjald dagar eru greiddir og eftirstöðvum lánsins aftur komið í lögmælt greiðsluferli. Verðmæti ábyrgðanna fyrir sjóðinn felast í tilvist þeirra fyrir þann hluta lánasafns sjóðsins sem Alþingi hefur metið áhættumeiri en þann sem er án ábyrgða.

Samkvæmt endurgreiðsluákvæðum hinna nýju laga um Menntasjóð námsmanna miðar vaxtaálag endurgreiðslu við væntanleg afföll þ.e. afskriftir vegna andláts og annars. Ekki hefur verið unnin greiningarvinna um möguleg áhrif breytinga á lögum um greiðsluaðlögun munu hafa á vanskil og afskriftir hjá sjóðnum en fyrirséð er að vanskil muni aukast að einhverju marki. Þau vanskil munu svo hafa áhrif hjá skilvísnum framtíðargreiðendum sjóðsins í formi hærri vaxtaálags.

Með vísan til alls framangreinds þykir hafa verið sýnt fram á mikilvægi sjálfskuldarábyrgða bæði virkra og óvirkra sem tryggingu fyrir endurgreiðslu námslána hjá sjóðnum og á lánasafn sjóðsins í heild sinni. Á þeim grundvelli og annars þess sem fram hefur komið í umsögn þessari er ítrekuð andstaða sjóðsins við fyrirhugaða breytingu og jafnframt ítrekað mikilvægi þess að skýrt komi fram í lagatexta að undir greiðsluaðlögun falli einungis virkar ábyrgðir fari svo að breytingin nái engu að síður fram að ganga.

Virðingarfyllt,

---

Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir,  
framkvæmdarstjóri Menntasjóðs námsmanna

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Síðumúla 24

108 Reykjavík

Reykjavík, 14. desember 2023

**Efni: Vegna umsagnar Menntasjóðs námsmanna um fyrirhugað lagafrumvarp til breytinga á lögum nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga frá 13.10.2023**

1. Þann 28. sept. sl. var birt í samráðsgátt til umsagnar frumvarp um breytingar á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga. Í frumvarpinu eru tvær breytingar fyrirhugaðar sem snúa að Menntasjóði námsmanna (MSNM) og innheimtu krafna sjóðsins. MSNM var því boðið að skila inn umsögn um fyrirhugað frumvarp.

Breytingarnar sem snúa að MSNM eru annars vegar þær að afborganir námslána sem falla niður á greiðsluaðlögunartíma ásamt vanskilum sem tilkomin voru fyrir gildistöku sammings eigi að bætast við höfuðstól kröfunnar og hins vegar að kröfur vegna ábyrgðarskuldbindinga á námslánnum teljist ekki kröfur vegna námslána og heyri þ.a.l. undir greiðsluaðlögun.

2. MSNM skilaði umsögn um fyrirhugað frumvarp 13. okt. sl. Í umsögninni gerði MSNM ekki formlegar athugasemdir við fyrri breytinguna, en hún lögfestir í raun verklag sjóðsins í greiðsluaðlögunarmálum eins og það hefur verið frá hrúni. Í ljósi máls sem nýverið barst inn á borð sjóðsins telur MSNM þó ástæðu til að endurskoða umsögn sína og leggst nú eindregið gegn því að umrædd breyting verði að lögum. MSNM hefur lengi talið ástæðu til að endurskoða þetta verklag enda gengur það mun lengra en lög um greiðsluaðlögun kveða á um og aðstæður í þjóðfélaginu allt aðrar nú en var á eftirhrunsárunum.
3. Forsaga þess að verklag þetta er viðhaft hjá sjóðnum er sú að eftir bankahrúnið voru margir þeirra sem leituðu til Umboðsmanns skuldara með uppsöfnuð vanskil hjá sjóðnum og ekki þótti rétt, í ljósi þjóðfélagsaðstæðna, að LÍN héldi áfram með mál í

stefnuferli að loknu greiðsluaðlögunartímabili. Í dag eru aðstæður allt aðrar og í raun ekki forsendur fyrir áframhaldi þessa verklags.

Í málum þar sem uppsöfnuð vanskil eru mikil og lán hafa verið í löginneimtu til lengri tíma hefur verið lögð mikil vinna og kostnaður í að innheimta kröfurnar. Þessi kostnaður fellur á MSNM eins og verklagið er í dag. MSNM lagði til nýtt verklag árið 2021 sem fól í sér að skilyrði fyrir því að vanskilum yrði skeytt við höfuðstól væri að skuldari gerði fyrst upp innheimtukostnað og skrifaði undir endurnýjað greiðsluloforð. UMS lagðist gegn þeirri tillögu og tók MSNM tillit til þess og lagði til að kostnaði yrði skeytt við höfuðstól láns þegar greiðsluaðlögunartímabili lyki. Við nánari athugun á þeirri leið kom í ljós að það væri illfrankvæmanlegt í kerfum sjóðsins auk þess sem efasemdir vöknudu um lögmæti þess að MSNM myndi í raun lána skuldurum fyrir innheimtukostnaði á lánskjörum sem lögum samkvæmt eru ætluð til að styðja fólk til náms. Síðan þá hefur endurskoðun verklagsins verið á ís. Eftir sem áður telur MSNM rétt að greiðendur beri þann kostnað sem hlýst af innheimtu krafna í samræmi við lög og skilmála skuldabréfanna. T.d. gæti skuldari sem ekki getur greitt innheimtukostnaðinn í einu lagi eða yfir skemmra tímabil gefið út skuldabréf fyrir innheimtukostnaðinum á sömu kjörum og önnur almenn skuldabréf hjá sjóðnum.

4. Nýverið barst MSNM frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun þar sem enginn kröfuhafi hafði lýst kröfu á skuldara og MSNM var eini lánadrottinn viðkomandi aðila. Viðkomandi skuldari er með eitt námslán hjá sjóðnum sem aldrei hefur verið greitt af. Lánið var gjaldfellt árið 2016 vegna verulegra vanskila og sama ár gekk útivistardómur í málinu. Tvisvar hefur verið gert árangurslaust fjárnám hjá skuldara vegna kröfunnar. Skuldara var réttilega birt stefna og var hann löglega boðaður í bæði fjárnám en mætti þó aldrei. Engin samskipti við skuldara vegna skuldarinnar eru skráð hjá MSNM eða löginneimtuaðila sjóðsins. Á tímabilinu ágúst-september á þessu ári var UMS í samskiptum við löginneimtuaðila sjóðsins og var skuldara þá gert tilboð um að greiða mánaðarlega af skuldinni eða gera hana upp í einu lagi með útgáfu skuldabréfs og hefði skuldari þá fengið 50% niðurfellingu dráttarvaxta. Ekkert svar barst við tilboðunum. Þrátt fyrir þetta er því haldið fram í frumvarpinu að skuldara sé mikið í mun að koma námsláni sínu í skil og að því verði aðeins náð í gegnum greiðsluaðlögun. Skv. frumvarpi er skuldari með um 74.000 kr. í mánaðarlega greiðslugetu skv. útreikningum UMS. Þrátt fyrir það er því haldið fram í frumvarpinu að eina leiðin fyrir skuldara að koma námsláni sínu í skil sé að fara í gegnum greiðsluaðlögun. Skv. núverandi lögum um greiðsluaðlögun standa námslán utan greiðsluaðlögunar og er þar einungis kveðið á um að UMS geti ákveðið að fella niður afborganir og vexti á greiðsluaðlögunartíma. Hér er því ekki verið að vísa til úrræðis sem UMS hefur yfir að ráða lögum samkvæmt heldur vinnureglu MSNM sem er lýst hér að framan. Frumvarpinu var hafnað af MSNM og því komst ekki á samningur í málinu. Sá möguleiki væri mögulega ekki fyrir hendi ef tillögð breyting nær fram að ganga.

7. Þegar MSNM skrifaði umbeðna umsögn um fyrirhugað breytingafrumvarp hafði sjóðurinn einfaldlega ekki hugmyndaflug til að ímynda sér að UMS myndi beita

lögnum með þessum hætti, þar sem svo til skuldlaus og aflögufær skuldari fær samning til greiðsluaðlögunar án þess að við neinn kröfuhafa sé að semja, að því er virðist í þeim eina tilgangi að koma skuldaranum undan því að greiða innheimtukostnað og vanskil sín við sjóðinn.

8. Meginreglan er sú að námslán skuli endurgreiða. Í lögum um MSNM, og áður LÍN, hefur ávallt verið kveðið á um heimild stjórnar sjóðsins til að veita undanþágur frá þeirri meginreglu en þær skal skýra þröngt. Það úrræði að veita undanþágu frá afborgunum hefur hingað til verið á höndum MSNM og eru því ákveðin skilyrði sett, svo sem að sótt sé um innan 60 daga frá gjalddaga og að greiðandi sé í verulegum fjárhagsörðugleikum sem orsakast af einhverjum ákveðnum, nánar tilgreindum, aðstæðum. Í svari við andmælum MSNM við frumvarpinu lagði UMS fram þau rök að viðkomandi skuldari ráði ekki við innheimtukostnað og þurfi því að fara í greiðsluaðlögun til þess að koma lánunum í skil. Þessi rök gæti UMS líklega heimfært á stóran hluta þeirra mála þar sem sjóðurinn hefur þurft að fá dóm fyrir kröfum sínum. Verði ákvæðið að lögum er krafa um að skilyrði til undanþágu séu uppfyllt úr sögunni og í raun nóg að skuldari sannfæri UMS um að hann geti ekki greitt áfallinn innheimtukostnað í máli. Þá skapast ástand þar sem UMS getur í raun veitt greiðendum sem ekki hafa greitt af námslánum sínum og mögulega engan greiðsluvilja sýnt undanþágu frá afborgunum mörg ár aftur í tímann. Leggi embættið í þá vegferð í kjölfar fyrirhugaðra lagabreytinga myndi það hafa í för með sér stóraukinn kostnað fyrir sjóðinn í formi innheimtukostnaðar og aukinna afskrifta hjá sjóðnum en þegar MSNM skeytir vanskilum við höfuðstól tekjutengdra lána er hætt við að þar sé einfaldlega verið að auka afskriftir MSNM þar sem ógjaldfallnar eftirstöðvar námslána falla niður við andlát skuldara. Þar sem námslánakerfinu er ætlað að standa undir sér að fullu myndi þetta einnig leiða til þess að vaxtabyrði skilvisra greiðenda námslána myndi aukast.
9. Embætti umboðsmanns skuldara er ríkisstofnun sem tekur stjórnvaldsákvörðun. Fari námslán í alvarleg vanskil er í dag undantekningarlaust farið með mál fyrir dómstóla og stefna árituð um aðfararhæfi. Samkvæmt 2. mgr. 113 gr. einkamálagaga nr. 91/1991 hefur áritun dómara á stefnu sama gildi og dómur. Verði fyrri málsliður í 2. gr. e-liðar frumvarps um breytingu á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga að lögum er löggjafinn að fela ríkisstofnun sem tekur stjórnvaldsákvörðanir vald til að breyta dómum dómstóla. Brýtur það í bága við þrígreiðingu ríkisvaldsins sem mælt er fyrir um í 2. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir að forseti Íslands og önnur stjórnarvöld fari með framkvæmdarvaldið og dómendur með dómsvaldið. Þá skv. 60. gr. stjórnarskrárinnar eiga dómstólar úrskurðarvald um lögumæti stjórnvaldsákvörðana og á grundvelli þess hafa dómstólar vísað frá málum þar sem stjórnvald hefur tekið ákvörðun sem samræmist ekki þrískiptingu ríkisvaldsins. Nefna má sem dæmi að Hæstiréttur Íslands hefur vísað frá málum vegna ákvörðunar endurupptökunefndar þar sem ekki hafi verið að lögum skilyrði til þess að verða við ákvörðuninni. Má þar nefna dóma Hæstaréttar í máli nr. 628/2015, en þar kemur fram að löggjafinn hafi falið nefnd sem heyrir undir framkvæmdavald ríkisins hlutverk sem gæti náð til þess að fella úr gildi úrlausnir dómastóla. Sú skípan væri andstæð meginreglu 2. gr. stjórnarskrárinnar og

væri því lagaákvæðið sem leiddi til hennar ekki gild réttarheimild og yrði þess vegna ekki beitt. Þá má nefna dóm Hæstaréttar í máli nr. 601/2015, en í dóminum kemur fram að löggjafinn hafi falið nefnd sem heyrir undir framkvæmdavald ríkisins hlutverk sem gæti náð til þess að fella úr gildi úrlausnir dómstóla. Sú skipan væri andstæð meginreglu 2. gr. stjórnarskráinnar og væri lagaákvæðið sem leiddi til hennar ekki gild réttarheimild og yrði þess vegna ekki beitt. Ennfremur má nefna dóm Hæstaréttar í máli nr. 12/2018. Þar kemur fram að nefnd sem heyrir undir framkvæmdavaldið hafi verið fengin viðfangsefni sem varða úrlausn dómstóla. Dómstólar eiga eftir meginreglu fyrri málsliðar 60. gr. stjórnarskráinnar úrskurðarvald um ákvarðanir nefndarinnar, og er vísað til þessara tveggja fyrri dóma nr. 628/2015 og 601/2015.

### Niðurstaða

**MSNM leggst eindregið gegn því að breytingar þær sem lagðar eru til á fyrri málslið 3. gr. frumvarps þessa verði að lögum.** Þ.e. að þeim greiðslum sem falla niður á greiðsluaðlögunartíma ásamt vanskilapætti kröfunnar, sem var tilkominn við gildistöku samnings, skal bæta við höfuðstól kröfunnar. Samkvæmt dómsorði eru þar til greindir gjalddagar staðfestir ásamt gjaldfellingu lánsins og ekki á færi stjórnvalds að breyta dómsniðurstöðunni.

Verði þessi málsliður að lögum og dómur hefur fallið um námslánakröfuna, þá fer ákvæðið í bága við þriggri greiningu ríkisvaldsins sbr. 2. gr. stjórnarskráinnar, sem segir að forseti Íslands og önnur stjórnarvöld fari með framkvæmdavaldið og dómendur með dómsvaldið.


Leiðir þetta til þess að ef umboðsmanni skuldara er veitt heimild til að breyta dómsorði þá samkvæmt 60. gr. stjórnarskráinnar eiga dómstólar úrskurðarvald um lögmæti stjórnvaldsákvörðunarinnar og geta kveðið upp dóm um að lagaákvæðið sé ekki gild réttarheimild. Vísað er til þeirra dóma sem reifaðir eru hér að framan nr. 628/2015, 601/2015 og 12/2018.

Öðru máli gildi ef MSNM samþykkir þetta fyrirkomulag með atvika bundnum hætti á grundvelli samnings um greiðsluaðlögun. Það samrýmist því grunneðli greiðsluaðlögunar að um sé að ræða samning milli kröfuhafa og skuldara.

Framkvæmdin mun því alltaf verða háð samþykki Menntasjóðs námsmanna og væri æskilegt að ákvæðið væri tekið út úr frumvarpinu eða í öllu falli breytt á þann veg að skýrt sé að hér sé einungis um að ræða heimild UMS til að leggja til þetta verklag sem sé þó ávallt háð samþykki kröfuhafa sem ekki verði þvingað fram með nauðasamningi. Frjálsleg beiting UMS á þessu ákvæði, sem má leiða af máli því sem reifað er hér að framan, myndi leiða til aukins kostnaðar fyrir MSNM og þar með ríkissjóð í forni



innheimtukostnaðar sem leggst á sjóðinn og aukinna afskrifta. Æskilegt væri, verði ákvæðið að lögum í einhverri mynd, að tryggt verði að því verði einungis beitt þar sem raunveruleg þörf er á því og kostnaður falli ekki á sjóðinn og skilvísa greiðendur hans.

  
Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri

Afrit:

Velferðarnefnd Alþingis

Fjármálaráðuneytið

Háskóla,- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið



Umboðsmaður skuldara

Hlíðasmára 11, 201 Kópavogur

B/t Ásta Sigrún Helgadóttir

## **Efni: Athugasemdir við frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun í máli 2023030034**

Menntasjóður námsmanna (MSNM) gerir athugasemdir við frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun í ofangreindu máli sem sent var til sjóðsins þann 6. nóvember 2023.

Í fyrsta lagi er gerð athugasemd við frest sem gefinn er skv. frumvarpi og tölvupósti frá umsjónarmanni. Samkvæmt frumvarpinu er MSNM eingöngu gefinn viku frestur til að kynna sér frumvarpið en skv. 1. mgr. 17. gr. laga um greiðsluaðlögun er lánardrottnum gefinn 3 vikna frestur til að gera athugasemdir við frumvarp. Jafnframt er gerð athugasemd við það að sjóðnum sé ekki gefinn kostur á að gera athugasemdir við frumvarp sem snýr eingöngu að honum.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem koma fram í frumvarpinu er MSNM eini lánadrottinn viðkomandi og þar sem krafa MSNM stendur utan greiðsluaðlögunar var henni ekki lýst. Tekið er fram í frumvarpinu að þar sem engin kröfuhafi hafi lýst kröfu sé samningurinn í raun kominn á, þ.e. án allrar aðkomu eina lánadrottins viðkomandi. Skv. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 101/2010 er einstaklingum heimilt að fara þess á leit við UMS að hann samþykki umsókn um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun með samningi við kröfuhafa. Í þessu máli er engum kröfuhöfum til að dreifa og því ekki ljóst að skilyrði til greiðsluaðlögunar séu uppfyllt enda við engan að semja. Í 1. mgr. 2. gr. sömu laga er kveðið á um að einstaklingur þurfi að sýna fram á að hann sé eða verði um fyrirsjáanlega framtíð ófær um að standa í skilum með fjárskuldbindingar sínar. Skv. 2. mgr. sömu greinar telst einstaklingur ófær um að standa við fjárskuldbindingar sínar þegar ætla má að hann geti ekki eða eigi í verulegum erfiðleikum með að standa við fjárskuldbindingar sínar um fyrirséða framtíð með tilliti til eðlis skuldanna, eigna og fjárhagslegra og félagslegra aðstæðna hans að öðru leyti. Ef horft er til þess að skuldari virðist skv. frumvarpi ekki skulda neinum nema MSNM og hefur skv. frumvarpi 73.958 kr. aflögu á hverjum mánuði verður ekki séð að þessi skilyrði séu uppfyllt.


Framkvæmd MSNM í greiðsluaðlögunarmálum hefur verið sú að vanskilum hefur verið bætt við höfuðstól og skuldari hefur komið út úr greiðsluaðlögunarferli með hreint borð gagnvart sjóðnum. Framkvæmd þessa má rekja til eftirmála hrunsins þar sem aðilar sem nýttu sér úrræðið voru oft með uppsöfnuð vanskil og í ljósi aðstæðna þótti ekki rétt að gengið yrði að þeim þegar greiðsluaðlögunartímabili lyki. Það verklag hefur síðan haldist alla tíð síðan þó aðstæður í þjóðfélaginu séu nú allt aðrar og hefur MSNM um nokkurt skeið talið ástæðu til endurskoðunar á þessu verklagi. Engin lagaskylda hvílir því á MSNM að vinna þessi mál með þessum hætti.

Eins og skýrt kemur fram í frumvarpi er skuldari ekki í vanskilum við neinn annan aðila en MSNM. Þá kemur einnig fram að skuldari sé með greiðslugetu upp á 73.958 kr. og tekið fram að vanskilum við sjóðinn verði ekki komið í skil nema með greiðsluaðlögun. Þessu er mótmælt. Elstu vanskil eru á gjalddaga 01.03.2015 og hefur krafan verið í löginnheimtu frá janúar 2016.

Útivistardómur gekk í málinu árið 2016 og hefur skuldari ekki verið í samskiptum við MSNM eða löginneheimtuaðila síðan. Einu samskiptin sem sjóðurinn eða innheimtuaðili hans hafa átt í vegna kröfunnar hafa verið við UMS, fyrst í ágúst á þessu ári, sjö árum eftir að dómur gekk um kröfuna. Þar var lagt fram tilboð um mánaðarlegar greiðslur eða útgáfu vanskilaskuldabréfs þar sem skuldara bauðst jafnframt 50% afsláttur af dráttarvöxtum. Engin svör bárust síðan við þeim tilboðum. Ef tekið er mið af heildarskuld skuldara og mánaðarlegri greiðslugetu hans skv. frumvarpi verður að telja fullyrðingu í frumvarpi um að kröfu verði ekki komið í skil með öðrum hætti en greiðsluaðlögun hæpna.

Í frumvarpinu er því haldið fram að skuldara sé sú ein leið fær til að koma námsláni sínu í skil að fara í gegnum greiðsluaðlögun. Í lögum um greiðsluaðlögun er ekkert úrræði til þess að koma námslánum í skil án greiðslu, námslán standa utan greiðsluaðlögunar og aðeins er kveðið á um að UMS geti ákveðið að afborganir falli niður á greiðsluaðlögunartímabili. Greiðsluaðlögunartímabil skv. frumvarpi er einn mánuður. Það er alveg ljóst að eins mánaðar greiðsluaðlögunartímabil vegna gjaldfallinnar og dómtekinnar kröfu þjónar engum tilgangi ef horft er til þeirra heimilda sem lög um greiðsluaðlögun veita UMS til að hafa afskipti af kröfum vegna námslána. Hér er því gagnert verið að misnota það verklag MSNM sem á undan er lýst til þess að koma aflögufærum skuldara undan greiðslu vanskila. Slík beiting laganna getur vart talist í anda þeirra.

Í ljósi alls framangreinds gerir MSNM þá kröfu að samningur um greiðsluaðlögun í máli þessu verði felldur úr gildi.

  
Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir framkvæmdastjóri